

Fundur haldinn í Fræðslunefnd að Húnavöllum 10. desember 2007.

Fundur settur af formanni.

Mæting samkvæmt undirskrift.

Dagskrárefni er “óskalisti Húnavallaskóla” og önnur mál.

Þorkell kynnti lista sem hann og Grímur húsvörður hafa tekið saman. Ansi margt kallar á viðhald og endurnýjun. Ægir sagði frá því að Línuhönnun væri búin að taka út húsnæði skólans og meta ástand þess. Skýrsla er væntanleg. Fræðslunefnd fjallaði um “óskalistann” og telur brýnt að farið verði í þau verkefni sem þar koma fram og að sveitarstjórn taki hann til alvarlegrar athugunar.

Önnur mál.

Þorkell sagði frá helstu endurbótum s.s. ljós hafi verið endurnýjuð í íþróttasal, tölvur voru endurnýjaðar, keypt sýningatjald og ýmis tæki og leikföng vegna gæslunnar. M.a. tveir hjólavagnar og ýmsir smáhlutir hafa verið endurnýjaðir eins og hljómflytningstæki til kennslu og fleiri nota.

Fimmtudaginn 27. des. mun 10. bekkur sýna leikritið af árs hátíðinni í Félagsheimilinu á Blönduósi, þar mun Tónlistarskólinn einnig taka þátt.

Rætt var almennt um skólamál.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir

Þorkell Ingimarsson

Þórunn Ragnarsdóttir

Kristín Rós Sigurðardóttir

Ægir Sigurgeirsson

Kristín Pálsdóttir

Eline Schrijver

Pétur Pétursson